

## Reglur Frístundar Heiðarskóla

Frístund er starfrækt fyrir nemendur í 1. – 4. bekk mánudaga til föstudaga frá kl. 13:30 til 16:30. Foreldrar sækja börn sín að Frístund lokinni.

Frístund er starfrækt alla kennsludaga í samræmi við skóladagatal Heiðarskóla, að undanskildum tvöföldum skóladögum, þ.e.a.s. árshátíð, fullveldishátíð og á litlu jólonum.

Skráning í Frístund er hjá skólastjóra Heiðarskóla. Mánaðargjald er greitt fyrir frístund og síðdegishressingu, sjá nánar í gjaldskrá Frístundar. Gjaldið er innheimt eftirá, fyrir hvern mánuð. Þriggja mánaða vanskil jafngildir uppsögn á Frístundadvöl.

Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólastjóra fyrir 20. dag hvers mánaðar. Gagnkvæmur uppsagnafrestur er einn mánuður og miðast við mánaðarmót.

Hressing er ekki endurgreidd vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari lengur en eina viku samfellt. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari t.d. í íþróttatíma eða tónlistartíma á dvalartíma Frístundar.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2022.

Samþykkt í Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveit 18. nóvember 2021

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 23. nóvember 2021